

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 25. janúar 2023

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um uppsetningu skautasvella í hverfum Reykjavíkur

Lagt er til að borgin setji upp skautasvell í öllum hverfum Reykjavíkur. Þau séu starfandi yfir köldustu vetrarmánuðina. Aðgangur að þeim verði gjaldfrjál. Einnig er lagt til að boðið verði upp á að leigja skauta gegn vægu gjaldi. Umhverfis- og skipulagssvið tryggi uppsetningu og staðsetningu skautasvellanna, ÍTR sjái um reksturinn.

Greinargerð:

Með því að koma upp skautasvellum væru hverfi borgarinnar styrkt til muna. Það er líka nauðsynlegt að íbúar geti komið saman til afþreyingar án þess að vera rukkuð. Uppsetning skautasvella skapar rými til samveru óháð efnahagsstöðu.